

Ritgerð til BA -prófs í arkitektúr
Jón Pétur Þorsteinsson

Vorönn 2015



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Hönnunar- og arkitektúrdeild

Arkitektúr

Með arkitektúr að vopni

***Hlutverk arkitektúrs sem valdatæki zíonista á
Vesturbakkanum***

Ritgerð til BA-prófs í arkitektúr

Jón Pétur Þorsteinsson

Kt.: 050492-2579

Leiðbeinandi: Hildigunnur Sverrisdóttir

Vorönn 2015

Útdráttur

Í fyrirheitna landinu Palestínu er ófriður, eins og svo oft áður. Palestína spilar stórt hlutverk í mannkynssögunni og hefur verið barist um hana í árþúsundir og hafa ólíkir hópar gert tilkall til hennar. Um miðja tuttugustu öld gerðu zíonistar tilkall til hennar og kröfðust þess að fá að stofna þar þjóðríki gyðinga. Krafa sem alþjóðasamfélagið átti erfitt með að hafna í ljósi þeirra hörmunga sem gyðingar Evrópu þurftu að þola í seinni heimsstyrjöldinni.

Við stofnun Ísraelsríkis fór Palestína að líkjast þeirri púðurtunnu sem sagan þekkir hana fyrir. Stríð á eftir stríði geisaði um hana og umfang þjóðríkis gyðinga hefur aldrei verið meira. Þeir arabar sem bjuggu í Palestínu við stofnun Ísraels og afkomendur þeirra hafa í gegnum árin barist fyrir því að fá að stofna sitt eigið þjóðríki. Nú, rúmum tuttugu árum eftir að friðarviðræður hófust milli þessara þjóða virðist friður aldrei hafa verið fjarlægari. Umfang landamæra Ísraels virðast sífellt aukast á meðan hernám þeirra á Vesturbakknum og Gazaströndinni þrengir sífellt meira að Palestínumönnum.

Í þessari ritgerð er saga deilunnar og hlutverk arkitektúrs í átökunum á milli þessara þjóða skoðuð. Farið er yfir helstu birtingarmyndir ofbeldisfullrar byggðarstefnu Ísraels á borð við landtökubýggðir þeirra á Vesturbakkanum, aðskilnaðarmúrinn og notkun þeirra á heilögu myndmáli í arkitektúr sínum. Að lokum verður reynt að svara þeirri spurningu hvort friður sé mögulegur á þeim forsendum sem viðræður hafa einkennst af og hvort það sé yfir höfuð vilji stjórnvalda í Ísrael að lausn fái stíð í þessari deilu.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Sagan	6
1.1 Palestína	6
2. Landtökubýggðir	9
2.1 Stefna Ísraels	9
2.2 Hvítir múrsteinar	11
3. Veggurinn	13
3.1 Tilgangur veggjarins	13
3.2 Eyjar verða til	14
4. Vonin um frið	15
4.1 Forsendur fyrir friði	15
4.2 Tveggja ríkja lausnin	16
Niðurlag	18
Heimildaskrá	21

Inngangur

Sumu er hægt að venjast, þó svo það sé hræðilegt. Maður horfir t.d. á sjónvarpsfréttir og sér þar sagt frá atburðum sem verða þess valdandi að rústa lífi hvers þess sem þeir snerta, án þess þó að menn almennt hugsi margoft um þá. Suma hluti hefur maður einfaldlega séð svo oft og í svo langan tíma að maður venst þeim. Sagan af Ísrael og Palestínu er einn af þessum hlutum sem maður er hreinlega búinn að venjast. Fréttir eru birtar af hryðjuverkaárás í Tel Aviv eða fréttir af aðskilnaðarveggnum á Vesturbakkanum og maður hugsar með sér hvað þetta er hrikalega sorglegt, samt sem áður líður ekki á löngu þar til maður er búinn að skipta um stöð, byrjaður að poppa og kominn í allt aðrar hugleiðingar. Fólk er vant því að það sé deila í Palestínu, en samt sem áður virðast fáir gera sér grein fyrir því um hvað deilan snýst. Eftir að hafa unnið að þessari ritgerð sé ég að mín upplifun af deilunni milli þessara þjóða var alls ekki eins nálægt raunveruleikanum og mig hafði grunað.

Þann 15. desember 2011 varð Ísland 130. ríkið til þess að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu innan þeirra landamæra sem ríktu árið 1967.¹ Sú staðreynd að Palestína er nú í þeim sporum að þurfa á viðurkenningu annarra þjóða að halda í baráttu sinni sýnir að þetta er ekki venjuleg milliríkjadeila. Þetta er sjálfstæðisbarátta, en á sama tíma milliríkjaástand. Það ríkir stríðsástand, en samt er ekki stríð á milli þessara þjóða. Reynt er að ná sáttum, en á sama tíma virðist allt vera gert sem gæti komið í veg fyrir að það takist. Þetta gífurlega flókna ástand sem ríkir á milli þessara þjóða verður ekki útskýrt í þessari ritgerð, enda er það heldur ekki markmiðið. Upplýsingarnar sem við fáum um ástandið í Palestínu koma í gegnum íslenska fjölmiðla sem eru oftast en ekki með endurunnar fréttir frá erlendum fréttaveitum sem geta verið hliðhollar öðrum hvorum málstaðnum. Þær fréttir sem við fáum af Palestínu tengjast oftast en ekki því að einhver hafi látist eða slasast af völdum hryðjuverkamanna frá Palestínu eða hermönnum frá Ísrael. Einn daginn fáum við fréttir af því að hryðjuverkamaður hafi drepið tíu manns í Tel Aviv og þann næsta fáum við jafnvel fréttir af því að tíu manns hafi látist af völdum sprengjuárása Ísraelshers. Umræðan virðist stundum vera svolítið lituð af því hvernig fjölmiðlar fjalla um þessa hluti. Oft virðist manni lítið vera fjallað um orsakir deilunnar, það er einungis lítið til afleiðinganna, sem er ofbeldi. Fólk virðist halda að ofbeldið sjálft sé vandamálið og að lausn geti fundist ef þessir aðilar gætu bara lagt niður vopn og rætt

¹ *Ísland viðurkennir sjálfstæði Palestínu*, Utanríkisráðuneytið, 2011, sótt 10. desember 2014, <http://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/nr/6846>.

málin. Þegar um dauðsföll og ofbeldi er að ræða getur verið erfitt að komast að sannleikanum um það hvernig atburðirnir gerðust, sérstaklega þar sem alltaf eru tvær hliðar á hverju máli. Það er hægt að skoða það hvernig og hvenær mannvirki hafa verið reist og um það verður síður deilt.

Ritgerð þessi fjallar um hlutverk arkitektúrs í deilunni milli Ísraels og Palestínnumanna. Farið verður yfir sögu deilunnar og samhliða því reynt að varpa ljósi á hlutverk arkitektúrs í deilunni. Farið verður yfir helstu ágreiningsmál deilunnar eins og aðskilnaðarmúrinn á Vesturbakkanum, samgöngukerfið á Vesturbakkanum, þróun og stíleinkenni landtökubyggða á Vesturbakkanum. Að lokum verður reynt að komast að því hvort þessi þróun sé til þess fallin að lausn geti náðst á svæðinu og þá hverjar forsendurnar fyrir slíkri lausn væru. Er vilji fyrir því hjá yfirvöldum í Ísrael að sjá *teggja ríkja lausninni* hrint í framkvæmd þannig að skýr landamæri myndist á milli Ísraels og frjálsrar Palestínu?

1. Sagan

1.1 Palestína

Til þess að geta fjallað um hið gríðarlega flókna ástand sem ríkir nú í Palestínu er nauðsynlegt að skoða það hvernig þjóðarvitund hefur þróast á svæðinu og hvaða stjórn málaöfl hafa sett sitt mark á söguna. Efnið er hins vegar þess eðlis að aðeins verður auðið að stikla á stóru í því samhengi.

Palestína býr yfir ríkri sögu. Í hjarta Palestínu situr Jerúsalem, borg sem hefur í gegnum tíðina haft gífurlega mikla þýðingu fyrir gyðinga, múslima og kristna. Davíð konungur gyðinga, faraóar Egyptalands, Alexander mikli, Heródes konungur, konungar krossfaranna, Saladín, Napóleon keisari og fleiri sögufrægir leiðtogar hafa ríkt yfir borginni og Palestínu í heild sinni í einni eða annarri mynd. Sögur af valdabrólti þessara leiðtoga eru hver annarri áhugaverðari en ekki verður farið út í þær í þessari ritgerð.

Þann 9. desember árið 1917 lögðu herdeildir Tyrkja í Jerúsalem niður vopn, umkringdir af herdeildum Breta undir stjórn Sir Edmund Allenby. Breskir fjölmiðlar fjölluðu um þennan sigur eins og um nútímakrossför væri að ræða.² Í nóvember sama

² Eyal Weizman, *Hollow land: Israel's architecture of occupation*, Verso, London og New York, 2007, staðsetning. 535/7439.

ár höfðu Bretar, undir mikilli pressu frá þarlandum zíonistum, gefið út bréf, þekkt sem *Balfour yfirlýsingin*. Yfirlýsingin, sem var nefnd í höfuðuð á utanríkisráðherra Breta á þeim tíma, Arthur James Balfour, fól það í sér að Bretar myndu aðstoða gyðinga við að stofna þjóðríki gyðinga í Palestínu. Ekki að Palestína myndi verða eitt ríki gyðinga heldur að innan Palestínu myndi þjóðríki gyðinga fá að vera.³ Gyðingum var lofað þessu þrátt fyrir að þeir væru aðeins um það bil 10% íbúa á svæðinu á þeim tíma. Stór hluti þeirra voru rétttrúnaðargyðingar sem voru ekki zíonistar.⁴ Í kjölfarið fengu Bretar opinber yfirlýsingu yfir Palestínu samkvæmt heimild frá nýstofnuðu Þjóðabandalaginu. Þrátt fyrir að 90% af íbúum Palestínu væru ekki gyðingar fjallaði ekki einn kafli um þá í þeim 28 köflum sem voru í heimild Þjóðabandalagsins til Breta.⁵

Pólitískir og hernaðarleiðtogar gyðinga í Palestínu vissu að stofnun þjóðríkis gyðinga á svæðinu yrði erfið í ljósi þess að þeir ættu nánast ekkert land og að þeir væru í miklum minnihluta. Zíonistar tóku upp á því að stofna sjóð sem hafði það að markmiði að kaupa jarðir af Palestínumönnum en það skilaði litlum árangri þar sem gyðingar áttu aðeins um 6% af Palestínu árið 1948. Samhliða jarðakaupum lögðu leiðtogar zíonista í gríðarlega stórt verkefni sem fólst í því að safna upplýsingum um jarðir, gæði þeirra og auðlindir, samfélög og aðgengi að þeim og að lokum upplýsingum um íbúana sjálfa. Hvaða trúar þeir væru og meira að segja aldur karlmanna. Þeir voru að undirbúa sig undir stríð.⁶

Í ljósi þess að Bretar hyggðust yfirgefa Palestínu jókst álagið á nýstofnaðar Sameinuðu þjóðirnar að skipta upp Palestínu milli þessara „þjóða,“ zíonista annars vegar og Palestínumanna hins vegar. Nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna skilaði frá sér tillögu að skiptingu Palestínu sem fólst í því að 55% Palestínu myndi fara til nýs ísraelsks ríkis og hin 45% yrðu að nýju þjóðríki Palestínu. Jerúsalem myndi þar að auki verða undir stjórn Sameinuðu þjóðanna með íbúum frá báðum þjóðum. Gyðingar voru alls ekki sáttir með þessa skiptingu jafnvel þótt þeir hafi átt að fá meirihluta Palestínu, mun frjórri og verðmætari landsvæði og meirihluta strandlengjunnar við Miðjarðarhaf. Þrátt fyrir mikla mótstöðu gyðinga við þessari skiptingu hvöttu leiðtogar þeirra til þess að hún yrði samþykkt þar sem þeir vissu að Palestínumenn

³ Jennifer Rosenberg, *Balfour Declaration*, About-Education, sótt 8. desember 2014, <http://history1900s.about.com/cs/holocaust/p/balfourdeclare.htm>.

⁴ John Cook, *Disappearing Palestine: Israel's Experiments in Human Despair*, Zed books, London og New York, 2008, bls. 22.

⁵ John Cook, *Disappearing Palestine*, bls. 23.

⁶ John Cook, *Disappearing Palestine*, bls. 23.

myndu ekki samþykkja hana. Að sama skapi myndu Ísraelar aldrei samþykkja neina tillögu sem Palestínumenn myndu samþykkja. Ástæðan fyrir því var einföld, skiptingin var frá bæjardyrum Ísraels aldrei hugsuð sem friðarlausn. Þeir sáu skiptinguna aðeins sem byrjun á áformum þeirra um að gera alla Palestínu að ríki gyðinga.⁷

Árið 1948 yfirgáfu Bretar Palestínu og Ísraelar lýstu yfir sjálfstæði. Zíonistar höfðu þá staðið í borgarastyrjöld í marga mánuði við óskipulagðar sveitir heimavarnarliðs araba í Palestínu. Tíu árum áður höfðu þessar hersveitir tapað þriggja ára borgarastyrjöld gegn Bretum. Þær höfðu ekki jafnað sig á því og áttu því ekki möguleika á að standa í hersveitum zíonista sem voru skipulagðari og betur mannaðar. Daginn eftir að Ísrael lýsti yfir sjálfstæði réðust síðan sameinaðar sveitir arababjóða í kring inn í Palestínu og í kjölfarið hófst það sem Ísraelsmenn tala um sem frelsisstríð Ísraels. Palestínumenn tala um þetta stríð sem *Nakba* eða *hörmungina*.⁸ Stríðinu lauk með vopnahléi árið 1949 sem Ísraelar skrifuðu undir við allar arabísku nágrannabjóðirnar. Í stríðinu urðu rúmlega 700.000 arabar í Palestínu flóttamenn og allt að milljón gyðingar sem höfðu búið í arabalöndunum í kring urðu einnig flóttamenn.⁹

Þann 22.mái árið 1967 hófst Sex daga stríðið þegar Ísrael réðst inn í Egyptaland og hertók Sinaiskaga og Gazaströndina frá Egyptalandi. Í lok stríðsins höfðu Ísraelar einnig hertekið Gólan-hæðir frá Sýrlandi og Vesturbakkann frá Jórdaníu.¹⁰ Það bendir allt til þess að Ísraelar hafi vonast til að losa sig við eins marga Palestínumenn og þeir gátu af Gaza og af Vesturbakkanum í skjóli stríðs, rétt eins og þeir höfðu gert í frelsisstríðinu sínu. Sökum þess hve fljótt stríðinu lauk og hvernig fjölmiðlar voru orðnir virkari á þessum tíma tókst þeim ekki eins vel til verka og tveimur áratugum áður. Árið 1979 sömdu Egyptar og Ísraelar um frið sem fólst í því að Ísrael myndi skila Sinaiskaga aftur til Egypta og á móti myndu Egyptar viðurkenna sjálfstæði Ísraels, fyrstir allra arababjóða.¹¹ Þar með voru landamærin Ísraels, eins og við þekkjum þau í dag, til.

⁷ John Cook, *Disappearing Palestine*, bls. 24.

⁸ John Cook, *Disappearing Palestine*, bls. 27.

⁹ Dominique Vidal, *The expulsion of the Palestinians re-examined*, 1997, sótt 6. maí 2015, <http://mondediplo.com/1997/12/palestine>.

¹⁰ *What was the result of the Six Day War?*, Palestine Facts, sótt 15. maí 2015, http://www.palestinefacts.org/pf_1948to1967_sixday_result.php.

¹¹ *Israel and Egypt Sign Peace Treaty*, NY Times, 2012, sótt 10. maí 2015, <http://learning.blogs.nytimes.com/2012/03/26/march-26-1979-israel-and-egypt-sign-peace-treaty/>.

Árið 1991 héldu Bandaríkin og Sovétríkin sameiginlegar friðarviðræður í Madrid á Spáni, Madrídarráðstefnan. Markmiðið var að semja um frið á milli Ísraels og þeirra arabþjóða sem höfðu verið í stríði við þá. Sýrland, Líbanon, Jórdanía og loks Palestína voru viðstaddir en þar sem PLO eða Palestínsku frelsissamtökin undir stjórn Yasser Arafat voru álitin hryðjuverkasamtök af Ísrael kom ekki til greina að þeir hefðu menn við samningaborðið. Þess í stað voru aðilar utan PLO af Gaza ströndinni og Vesturbakkanum fengnir til að semja við Ísraelsmenn. Þetta var hins vegar skrípaleikur sem allir gerðu sér grein fyrir þar sem samningsaðilar Palestínu fengu tilsögn og fyrirmæli frá fulltrúum PLO á hótelinu á milli funda.¹² Madrídarráðstefnan varð til þess að raunverulegar friðarviðræður áttu sér stað í Ósló í Noregi og markaði það upphaf á því tímabili sem við erum stödd í núna, þar sem báðir aðilar sækjast eftir friði, alla vega opinberlega. Óslóarsáttmálinn fól í sér aukið sjálfstæði fyrir Palestínumenn og fengu þeir stjórn yfir heilbrigðismálum, velferðarmálum, menningarmálum auk þess sem þeir fengu að stofna palestínska lögreglu og fengu viðurkenndan réttinn til þess að sinna skattheimtu. Allt voru þetta mikilvæg skref í áttina að því að verða fullvalda ríki. Auk þess samþykktu Ísraelsmenn að draga allt herlið sitt til baka frá Gazaströndinni sem þeir gerðu svo ári síðar.¹³

2. Landtökubyggðir

2.1 Stefna Ísraels

Landtökubyggðir eru skilgreindar sem allar nýjar íbúðabyggðir handan hinnar svokölluðu *grænu línu*. Árið 1947 gerðu Sameinuðu þjóðirnar tillögu að uppskiptingu Palestínu í tvö ríki, Palestínu og Ísrael. Línan var og er kölluð *græna línan* vegna þess að tillagan að landamærunum var teiknuð með grænum penna á landakort. Landtökubyggðir Ísraels hafa lengi vel verið ein helsta hindrun þess að lausn fáið í þessari deilu. Stefna Ísraels gagnvart landtökubyggðum hefur í gegnum árin þróast mikið. Staðreyndin er hins vegar sú að allir þeir stjórnmaflokkar og leiðtogar þeirra sem hafa verið við völd í Ísrael hafa stutt framkvæmdir á landtökubyggðum á

¹² *What happened at the 1991 Madrid Peace Conference*, Palestine Facts, sótt 11. maí 2015, http://www.palestinefacts.org/pf_1991to_now_madrid_desc.php.

¹³ *Israel-Palestine Liberation Organization Agreement : 1993*, Yale Law School, sótt 10. maí 2015, http://avalon.law.yale.edu/20th_century/isrplo.asp.

Vesturbakkanum með einum eða öðrum hætti. Yfirvöld treysta á nokkra hópa til þess að taka undir sig land á þessum svæðum.¹⁴ Í fyrsta lagi er millistéttinni í Ísrael mætt með miklum efnahagslegum hvötum til þess að flytja í nýreistar landtökubbyggðir. Boðið er upp á glænýjar byggingar, stórar íbúðir og fallegt umhverfi, frá þrengslunum og óhreinindunum í Jerúsalem og Tel Aviv svo dæmi séu tekin. Þessi úthverfi fóru að rísa mjög hratt í kringum níunda áratuginn og í kjölfarið var fólki lofað betri lífsgæðum á lægra verði sem höfðaði til mjög margra.¹⁵ Í öðru lagi er um að ræða innflytjendur frá fyrrverandi Sovétríkjum.¹⁶ Um milljón gyðingar frá Sovétríkjunum streymdu til Ísraels í kringum endalok Sovétríkjanna og fluttu þeir flestir ekki í stórborgirnar heldur í landtökubbyggðir á Vesturbakkanum. Þeir héldu sig mest saman og mynduðu hverfi og bæi þar sem rússneska var aðal tungumálið. Þessi hópur hafði lítinn skilning á deilunni milli Ísraels og Palestínu og skildu ekki hvers vegna Palestínumenn myndu fremja hryðjuverk gegn Ísraelum. Þetta olli því að þessi hópur upplifði mikla andúð gagnvart Palestínumönnum og sá þá sem villimenn.¹⁷ Ísraelska ríkið nýtti sér þessa andúð og þekkingarleysi þeirra með því að senda þessa nýlegu innflytjendur á erfiðustu svæðin á Vesturbakkanum.

Árið 1979 dæmdi hæstirréttur í fyrsta sinn palestínskum landeiganda í hag á Vesturbakkanum. Málið er kennt við landtökubbyggðina Elon Moreh sem zíonistahópurinn Gush Emunim stofnaði á þessum tíma. Var landtökumönnunum gert að yfirgefa byggðina þar sem hún þjónaði engum tilgangi hvað þjóðaröryggi varðaði.¹⁸ Í kjölfar úrskurðarins reyndi ríkisstjórn Likud undir stjórn Begins að finna nýjar leiðir til þess að verða sér úti um jarðir á Vesturbakkanum, leiðir sem væru þess eðlis að hæstirétturinn gæti ekki haft afskipti af yfirtöku þeirra.¹⁹ Nýju aðferðirnar fólu í sér að kortleggja Vesturbakkann og skrásetja jarðir í almannaeign sem Ísrael gæti tekið yfir. Þar fyrir utan voru allar jarðir í einkaeign sem palestínskir jarðeigendur gátu ekki sannað að þeir ættu teknar eignarnámi. Að lokum voru allar jarðir sem ekki var hægt að sanna að væru í notkun á tíma könnunarinnar teknar eignarnámi. Þessar jarðir urðu þar með ríkiseign Ísraels og var þeim síðan úthlutað til ýmissa ísraelskra samtaka og samtaka gyðinga í þeim tilgangi að reisa þar byggðir.²⁰

¹⁴ Eyal Weizman, *Hollow land*, staðsetning. 2285/7439.

¹⁵ Eyal Weizman, *Hollow land*, staðsetning. 2285/7439.

¹⁶ Eyal Weizman, *Hollow land*, staðsetning. 2285/7439.

¹⁷ John Cook, *Disappearing Palestine*, bls. 155.

¹⁸ *Israel's Supreme Court Rules Elon Moreh in Samaria Must Be Removed*, JTA, 1979, sótt 9. desember 2014, <http://www.jta.org/1979/10/23/archive/israels-supreme-court-rules-elon-moreh-in-samaria-must-be-removed>.

¹⁹ Eyal Weizman, *Hollow land*, staðsetning. 2145/7439.

²⁰ Eyal Weizman, *Hollow land*, staðsetning. 2155/7439.

Lagaheimildin sem Ísrael vísaði í var tyrkneskt ákvæði frá árinu 1858 sem átti að stuðla að betri landbúnaði. Hún fól það í sér að landeigendur greiddu aðeins leigugjald af þeim landsskika sem þeir notuðu undir landbúnað.

Eftir mikinn alþjóðlegan þrýsting um að hætta að reisa ísraelskar byggðir á Vesturbakkanum og á Gazaströndinni gáfu Ísraelsmenn eftir og tilkynntu árið 1996 að þeir myndu hætta að reisa nýjar byggðir en myndu þó halda áfram að gefa leyfi fyrir því að bæta við þær byggðir sem þegar voru reistar.²¹ Hins vegar hafa þeir alls ekki fylgt þessu eftir og er fjöldi Ísraela í ólöglegum landtökubýggingum nú orðnir u.þ.b. 462.000 talsins.

2.2 Hvítir múrsteinar

Þegar Bretar hertóku Palestínu árið 1917 var ástand Jerúsalem afar slæmt. Fyrri heimsstyrjöldin hafði haft slæm áhrif á borgina, sem hafði undir stjórn Tyrkja verið fremur glæsileg með mörgum glæsilegum húsum sem voru í eigu fólks af ýmsum þjóðernum og trúarbrögðum. Borgin var full af flóttamönnum sem Bretar litu á sem „sníkjudýr“ borgarinnar. Þessir flóttamenn þurftu einhvers staðar að búa og var borgin full af illa gerðum húsum úr mold, timbri og tini. Um gyðingahverfi borgarinnar var talað sem gettó sem minnti helst á niðurgrotnaðar borgir suð-austur Evrópu.

Ofurstinn Ronald Storrs var gerður að landstjóra þremur vikum eftir hernámið og leit hann sjálfur á komu gyðinga sem sögulegt réttlæti. Staðráðinn í að breyta ásjónu borgarinnar til hins betra réð ofurstinn breskan borgarverkfræðing Alexandríu, William H. McLean til þess að ráðast í framkvæmd á nýju skipulagi borgarinnar og leggja línurnar fyrir það hvernig borgin ætti að líta út. Hann lagði til að allar byggingar sem myndu rísa í Jerúsalem skyldu vera klæddar með múrsteinum úr hvítum kalksteini eins og hafði tíðkast í borginni í margar aldir. Borgaryfirvöld rifu einnig öll illa byggð húsum utan veggja borgarinnar, húsum byggð úr mold, timbri og tini. Storrs stöðvaði allar framkvæmdir í og kringum gömlu borgina árið 1918 og bannaði algjörlega notkun timburs, moldar, bárujárns, tjalda og múrs. Allar nýjar byggingar skyldu vera byggðar úr hvítum kalksteini. Fyrir honum var notkun kalksteinsins vísun í biblíuna. Jerúsalem var borg byggð úr steini og byggingar borgarinnar sögðu sögu hennar í gegnum þetta einkenni. Þessi reglugerð hafði það í för með sér að einungis efnaðir einstaklingar, bresk yfirvöld og stór alþjóðleg fyrirtæki höfðu tök á því að

²¹ *Illegal Israeli Settlements*, CEPR, sótt 9. maí 2015, http://thecepr.org/index.php?option=com_content&view=article&id=115:illegal-israeli-settlements&catid=6:memos&Itemid=34.

reisa byggingar. Bygging á kalksteinshúsi var einfaldlega of kostnaðarsöm fyrir fólkið sem bjó í borginni. Þar af leiðandi þurfti fólk sem hafði búið þarna lengi að færa sig um set.²²

Markmið þeirra Storrs og McLean með reglugerðinni sem krafðist þess að byggingar skyldu vera úr kalksteini var að aðgreina gömlu Jerúsalem frá byggðinni í kring, en fljótlega urðu þessar reglur víðtækari. Í aðalskipulagi Jerúsalem árið 1936 var gert ráð fyrir því að ytra byrði allra bygginga skyldi vera úr kalksteini. Þetta átti við um allar byggingar sem voru innan marka borgarinnar en ekki bara í kringum gamla hluta hennar. Jerúsalem hafði stækkað ört eftir að Bretar tóku við stjórn hennar og undir lok seinni heimsstyrjaldarinnar var eftirspurnin eftir nýbyggingum svo mikil að reglurnar urðu ekki jafn strangar hvað þetta varðar. Hlutverk kalksteinsins hafði í kjölfar þess að steyputækni þróaðist farið úr því að sinna burðarhlutverki í það að vera klæðning. Hlutfall kalksteins á móti steypu minnkaði í gegnum árin og var kalksteins klæðningin oft í kringum 20 sm þykk fyrir stríð og deildi þá hluta burðarins með steypunni. Í dag er klæðningin yfirleitt 5-6 sm þykk og hefur ekkert með burð að gera.²³

Mikilvægi hvíta steinsins fyrir Ísrael er gífurlegt. Hugmynd Storrs og McLean um að varðveita sögulegt gildi gömlu borgarinnar og heilagleika hvíta steinsins hefur stökkbreyst í það að vera merki um þjóðarvitund Ísraels. Í dag, og allt frá árinu 1967 hefur Ísrael notað hvíta steininn, merkingu hans og heilagleika til þess að færa út huglæg borgarmörk Jerúsalem, og þar með landamæri Ísraels með því að krefjast þess að allar byggingar sem Ísraelar byggja á Vesturbakkanum líti út eins og hluti af Jerúsalem. Heilagleiki borgarinnar er bundinn í hvíta kalksteininum.²⁴

Í kjölfar Sex daga stríðsins fóru Ísraelar að byggja ný hverfi á hæðum Vesturbakkans á áður óþekktum hraða. Undir pressu frá Húsnæðismálaráðuneytinu að byggja hratt og mikið fóru menn að byggja úr ódýrari byggingarefnum, öðrum en kalksteini, þar sem kalksteinninn var mun dýrari en önnur byggingarefni. Þetta hafði það í för með sér að reglurnar um kalksteininn breyttust enn meira og þurfti nú aðeins að klæða ytri vegg hús með örþunnu lagi af kalksteini. Arkitektar í Ísrael sármóðuguðust margir yfir þessari iðju vegna þess að þeir töldu arkitektúr eiga að vera heiðarlegan í efnisnotkun sinni. Það ætti ekki að þykjast sem notaður væri kalksteinn

²² Eyal Weizman, *Hollow land*, staðsetning. 537/7439.

²³ Eyal Weizman, *Hollow land*, staðsetning. 567/7439.

²⁴ Eyal Weizman, *Hollow land*, staðsetning. 624/7439.

þegar byggingarnar væru í raun steypar. Á þessum húsum eru hornin oft þannig að hægt er að sjá að kalksteinninn er einungis notaður sem klæðning.²⁵

3. Veggurinn

3.1 Tilgangur veggjarins

Árið 2002 hófust Ísraelar handa við að reisa það sem þeir kölluðu öryggisgirðingu. Þessi girðing hefur í dag kostað yfir þrjá milljarða dali og mun sú tala líklega hafa tvöfaldast þegar verkinu lýkur.²⁶ Þeir einu sem tala um þetta sem öryggisgirðingu eru Ísraelar og í sumum tilfellum Bandaríkjamenn. Aðrir tala um þetta sem aðskilnaðarvegginn og hefur honum alla tíð verið líkt við Berlínarmúrinn. Kaflar veggjarins eru breytilegir eftir því á hvaða svæði sá kafli er. Veggurinn samanstendur af öllum eða einhverjum eftirfarandi ráðstafana: átta metra háar forsteyptar einingar sem mynda vegginn, rafmagnsgirðingu, gaddavír, radar, myndavélum, djúpum skurðum, varðturnum og vegum fyrir hermenn.²⁷ Leið veggjarins fylgir *grænu línunni* en er þó 85% af honum fyrir utan hana, á Vesturbakkanum. Veggurinn teygir sig inn í land Palestínumanna, í kringum 71 af þeim 120 ísraelsku landtökubyggðum sem eru á Vesturbakkanum. Í þessum 71 þorpum sem um er að ræða búa u.þ.b. 85% allra þeirra Ísraelsa sem búa á Vesturbakkanum.²⁸

Samkvæmt núverandi spá um leið aðskilnaðarveggjarins með og í kringum *grænu línuna* munu 55 landtökubyggðir í landi Palestínumanna, þar á meðal tólf hverfi í austur Jerúsalem, enda vestan vegarins við aðskilnaðarvegginn sem innlimar í raun landtökubyggðirnar inn í Ísrael.²⁹ Á sama tíma lenda tugir palestínskra þorpa með í kringum 60.000 íbúa vestan við vegginn á svæðum sem ísraelski herinn kallar „lokuð hersvæði“.³⁰ Það sem meira er fengu íbúar þessara svæða stöðu „tímabundinna íbúa“ sem þýðir að þeir geta hvorki ferðast til Ísraels né Vesturbakkans án sérstakra leyfa. Saman með þessu fólki og því fólki sem lenti „Ísraels megin“ við vegginn, munu um það bil 250.000 Palestínumenn vera búsettir á sérstökum svæðum undir

²⁵ Eyal Weizman, *Hollow land*, staðsetning. 581/7439.

²⁶ Eyal Weizman, *Hollow land*, staðsetning. 2987/7439.

²⁷ Eyal Weizman, *Hollow land*, staðsetning. 2994/7439.

²⁸ Siham Nuseibeh, *Israel's Apartheid Wall: Facts and Figures*, 2012, sótt 12. maí 2015, <http://muftah.org/israels-apartheid-wall-facts-figures/#.VVwR06Z7ky5>.

²⁹ Eyal Weizman, *Hollow land*, staðsetning. 3319/7439.

³⁰ Eyal Weizman, *Hollow land*, staðsetning. 3326/7439.

stjórn Ísraelshers. Brotakennd leið veggjarins, sem teygir anga sína oft á tíðum langt inn á Vesturbakkann í þeim tilgangi að umkringja nýjar sem eldri landtökubýggðir veldur því að hugmyndin um samfleytt sjálfstjórnarsvæði Palestínnumanna á Vesturbakkanum er orðin að engu.³¹

3.2 Eyjar verða til

Þróunin sem hefur átt sér stað á Vesturbakkanum með sífelldri aukningu landtökubýggða hefur valdið því að Vesturbakkinn er á ákveðinn hátt orðinn eins og eyjaklasi og hefur fransk arkitektinn Léopold Lambert notað þá myndlíkingu til þess að lýsa ástandinu sem ríkir nú á Vesturbakkanum.³² Vesturbakkinn kemur fyrir á kortum eins og samfleytt landssvæði en staðan er orðin þannig að svæðinu er skipt upp í ótal minni svæði þar sem Ísraelar hafa stjórn á helstu vegum og hleypa Palestínnumönnum aðeins í gegnum ákveðnar eftirlitsstöðvar.³³ Eru þessar eftirlitsstöðvar sagðar vera til þess að viðhalda friði og hindra aðgang hryðjuverkamanna að þjóðvegum landsins. Þrátt fyrir þennan yfirlýsta tilgang virðast þessar eftirlitsstöðvar aðallega vera hluti af áformum Ísraela að gera íbúum Palestínu lífið leitt og hafa náðst upptökur af landamæravörðum sem starfa við þessar eftirlitsstöðvar að tala um það að hlutverk þeirra sé að vera með leiðindi við Palestínnumenn. Sömuleiðis hafa upptökur náðst af landamæravörðum líkja Palestínnumönnum við dýr í búi, en að Ísraelar væru menn.³⁴

Tæknilega séð geta Palestínnumenn ferðast innan Palestínu en þeir eru algjörlega háðir landamæravörðum og eftirlitsstöðvum sem líkjast helst sláturhúsum þar sem fólki er raðað í gegnum þröng göng sem enda á hringsnúandi málmhliðum og er ferlið mjög niðurlægjandi fyrir þá sem það þurfa að þola. Palestínnumenn sem starfa í Ísrael þurfa á vissum stöðum að vera komnir í röð klukkan tvö um nótt til þess að eiga möguleika á því að komast í vinnu á réttum tíma.³⁵ Ástæðan fyrir töf við þessar eftirlitsstöðvar eru oft geðþáttaákvörðanir landamæravarðanna sem þar starfa og er þetta birtingarmynd af ögrun og leið þeirra til þess að niðurlægja Palestínnumenn. Þetta

³¹ Eyal Weizman, *Hollow land*, staðsetning. 3334/7439.

³² Léopold Lambert, *The Palestinian Archipelago: A Metaphorical Cartography of the Occupied Territories*, 2012, sótt 12. maí 2015, <http://www.leopoldlambert.com/Pages/archipelago.html>.

³³ *Key maps*, BBC, sótt 18. maí 2015,

http://news.bbc.co.uk/2/shared/spl/hi/middle_east/03/v3_israel_palestinians/maps/html/settlements_checkpoints.stm.

³⁴ *Israeli Checkpoint in Palestine – Israeli IDF Zionist say Muslims are Animals*, Youtube, 2014, sótt 16. maí 2015, <https://www.youtube.com/watch?v=5JTZ-2fKMWY>.

³⁵ Drew Christiansen, *Removing Israeli checkpoints in the West Bank would end humiliation, increase security*, 2015, sótt 15. maí 2015, <http://ncronline.org/blogs/ncr-today/removing-israeli-checkpoints-west-bank-would-end-humiliation-increase-security>.

viðhorf landamæravarða hefur valdið því að tafir hafa orðið á sjúkrabílum sem hefur margoft valdið dauðsföllum auk þess sem óléttar konur í hríðum hafa lent í því að vera neitað að komast í gegn um eftirlitsstöðvar á leið sinni á spítala. Á árunum 2000-2006 misstu 35 konur börn sín við fæðingu sökum þess að hafa þurft að eignast þau við þessar eftirlitsstöðvar en ekki á spítala. Auk þess hafa fimm konur hafa látið lífið í ferlinu. Alls neyddust 69 konur til þess að fæða börn sín undir þessum kringumstæðum á tímabilinu.³⁶

4. Vonin um frið

4.1 Forsendur fyrir friði

Nú, tæplega sjöttíu árum frá stofnun Ísraels og frá því að Sameinuðu þjóðirnar skiptu Palestínu upp á milli gyðinga og araba erum við litlu nær friði. Satt að segja hefur friður aldrei verið fjarlægari, alla vega ekki friður á þeim forsendum sem ákveðnar voru af alþjóðasamfélaginu á sínum tíma. Ísrael hefur með stríði orðið sér úti um gífurleg landssvæði undir þeim formerkjum að það sé gert í þeim tilgangi að tryggja þjóðaröryggi. Það er deginum ljósara að Ísrael hefur aldrei haft það að markmiði sínu að stofna til friðar á þeim forsendum sem var samið um árið 1947 og vegna þess hefur deilan orðið flóknari með ári hverju. Stefna zíonista og nú Ísraels hefur alltaf verið sú að fella Palestínu í heild sinni inn í þjóðríki gyðinga, aðferðir hafa breyst og þróast en hefur aðal vopn þeirra alltaf verið að grafa undan samningsstöðu Palestínumanna með því að leggja sífellt meira land undir Ísrael.

Samkvæmt Genfar sáttmálanum mega þjóðríki ekki undir neinum kringumstæðum færa sitt fólk yfir á hernumin landssvæði.³⁷ Alþjóðasamfélagið hefur alla tíð haldið því fram að landtökubýggðirnar á Vesturbakkanum, Gazaströndinni og í Golanhæðum séu ólöglegar undir alþjóðlegum lögum en Ísraelar eru ósammála.³⁸ Yfirvöld í Ísrael halda því fram að þessi lög eigi ekki við um vesturbakkann þar sem þeir telja að Jórdanía hafi ólöglega hernumið Vesturbakkann í frelsisstríði Ísraels árið 1948. Þar sem þeir líta svo á að Jórdanía hafi með ólöglegum hætti tekið yfir Vesturbakkann hefði engin þjóð lögmætt tilkall til landssvæðisins þannig að Ísrael

³⁶ *Checkpoints 101*, Occupied Palestine, sótt 18. maí 2015, <https://occupiedpalestine.wordpress.com/special-topics/checkpoints/>.

³⁷ *The Geneva Convention*, BBC, 2009, sótt 17. maí 2015, http://news.bbc.co.uk/2/hi/middle_east/1682640.stm.

³⁸ *Human Rights in the Middle East: The Fourth Geneva Convention*, Jewish Virtual Library, 1949, sótt 17. maí 2015, http://www.jewishvirtuallibrary.org/jsource/History/Human_Rights/geneva1.html.

gæti ekki skilað neinu ríki landssvæðinu og ætti Genfarsáttmálinn því ekki við í þessu tilfelli.

Þessi grundvallarágreiningur um það hvort landtökubýggðirnar séu ólöglegar eða ekki er stærsta hindrunin í veginum og sú hindrun verður bara meiri með degi hverjum þar sem daglega rísa nýjar byggingar á vegum Ísraels. Það kemur sér vel fyrir Ísrael að það virðist duga þeim að vera ósammála um túlkun á alþjóðalögum þó svo að allar aðrar þjóðir séu sammála um það að um ólöglegar byggðir sé að ræða. Grunnforsenda fyrir því að raunhæft friðarferli geti átt sér stað er það að Ísrael viðurkenni alþjóðalög og hætti eins fljótt og auðið er að byggja bæi og borgir á Vesturbakkanum. Ísrael hefur kerfisbundið unnið að því að gera möguleikann um sjálfstæða palestínska þjóð innan þeirra landamæra sem urðu til eftir Sex daga stríðið árið 1967, en allar umræður um tveggja ríkja lausn hafa átt sér stað á þeim forsendum að Palestína fái að mynda sjálfstætt ríki á Vesturbakkanum og Gazaströndinni. Önnur forsenda fyrir friði er réttur palestínskra flóttamanna og afkomenda þeirra að snúa aftur til sinna heima, hvort sem það er á Gazaströndinni, á Vesturbakkanum eða innan landamæra Ísraels. Talið er að um 30-35 þúsund flóttamenn ásamt fimm milljónum afkomenda þeirra myndu hafa rétt til þess að snúa aftur og endurheimta jarðir sínar ef réttur þeirra yrði samþykktur að fullu.³⁹

4.2 Tveggja ríkja lausnin

Friðarviðræður síðustu áratuga hafa í grunninn snúist um það með hvaða hætti Ísraelar og Palestínumenn myndu koma á svokallaðri *tveggja ríkja lausn*. Þetta hugtak hefur verið notað til að lýsa þeirri hugmynd að skapa tvö sjálfstæð ríki innan Palestínu. Eitt þjóðríki gyðinga, Ísrael og eitt þjóðríki palestínskra araba. Hefur þetta verið grundvöllur allra samningaviðræðna á milli þessara þjóða allt frá árinu 1993.⁴⁰ Fyrsta tillagan að *tveggja ríkja lausn* kom áður en bæði Palestína og Ísrael voru til sem þjóðríki. Tillagan kom frá Bretum sem stjórnðu þá Palestínu og gekk hún út á það að skipta henni þannig upp að arabar myndu fá meirihluta landsins en gyðingar myndu fá töluvert minni skerf. Þessu höfðu arabar sökum þess að þeir voru ekki tilbúnir að gefa frá sér land sem þeir töldu vera sitt. Tíu árum síðar stungu Sameinuðu þjóðirnar upp á skiptingu eins og áður hefur komið fram og voru það nú gyðingarnir

³⁹ *Palestinian refugees and the right of return*, AFSC, sótt 16. maí 2015, <https://afsc.org/resource/palestinian-refugees-and-right-return>.

⁴⁰ Jeffrey Goldberg, *The Tragic History of the Two-State Solution*, 2014, sótt 7. maí 2015, <http://www.bloombergview.com/articles/2014-05-02/the-tragic-history-of-the-two-state-solution>.

sem áttu að fá stærri hlut. Þessu höfnuði arabar líka, á sömu forsendum og áður. Árið 1993 fóru samningaviðræður aftur af stað og var það þá Ehud Barak sem samdi við Yasser Arafat, en þær viðræður urðu að engu, en mörkuðu þó tímamót í því að Ísraelar virtust vera opnir fyrir því að finna einhvers konar lausn á deilunni.⁴¹ Síðan þá hafa samningaviðræður snúist um útfærslu á þessari hugmynd. Ágreiningsatriði snúa að því hvar landamærin ættu að vera, yfirráð yfir Jerúsalem, afvopnavæðing Palestínu og fleiri atriði.

Þáverandi forsætisráðherra Ísraels, Ehud Olmert sagði árið 2007 í ræðu sinni við friðarviðræður sem haldnar voru í Annapolis í Bandaríkjunum, að nú stæði Ísrael frammi fyrir því að Palestínumenn myndu fljótt færa baráttu sína frá því að berjast gegn hernáminu að því að fara að berjast fyrir því að fá jafnan kosningarétt. Hann varaði við því að það væri mun „hreinni“ barátta og mundi á endanum skila meiri árangri, sem myndi á endanum þýða endalok þjóðríkis gyðinga í hans huga.⁴² Ehud Olmert er hér að lýsa yfir áhyggjum sínum að fólk sé að missa trú á tveggja ríkja lausninni. Það er mikilvægt að halda uppi hugmyndinni um tveggja ríkja lausn til þess að geta haldið áfram hernáminu þó svo að raunin sé sú að slík lausn myndi hafa hörmulegar afleiðingar fyrir Ísrael.

Þegar talað er um tveggja ríkja lausn gerir maður ráð fyrir því að slík lausn myndi á endanum þýða að innan Palestínu myndu tvö sjálfstæð ríki vera hlið við hlið, með skýr landamæri. Að teikna skýr landamæri er nokkuð sem Ísraelar munu forðast að gera eftir fremsta megni. Ástæðan er sú að ef Ísrael myndi viðurkenna sjálfstæði Palestínu innan *grænu línunnar* myndi það hafa margþætt áhrif sem kæmu sér illa fyrir Ísrael. Til að byrja með myndi Ísrael minnka töluvert og myndi strax lenda í alvarlegum vatnsskorti vegna þess að Vesturbakkinn og vatnsuppsretturnar sem honum fylgja væru nú komnar í hendur Palestínumanna. Ísrael fær mest af vatni sínu frá Vesturbakkanum og myndu þeir þurfa að semja við Palestínumenn um kaup á vatni. Ólíklegt er að Palestínumenn myndu selja þeim vatnsmagnið sem neyslumynstur fyrsta heims ríkisins Ísraels krefst. Auk þess myndi réttur flóttamanna til að snúa aftur til Palestínu valda því að fjöldinn allur af fólki myndi flytjast aftur á Vesturbakkann sem aftur myndi auka vatnspörf hins nýja þjóðríkis Palestínu og um leið minnka það vatn sem þau gætu látið frá sér. Myndi þessi vatnsskortur auka

⁴¹ Jeffrey Goldberg, *The Tragic History of the Two-State Solution*, 2014, sótt 7. maí 2015, <http://www.bloombergview.com/articles/2014-05-02/the-tragic-history-of-the-two-state-solution>.

⁴² John Cook, *Disappearing Palestine*, bls. 130.

líkurnar á því að ungt fólk í Ísrael myndi flytja burt í stórum stíl og myndi það knýja yfirvöld í Ísrael til þess að verða sér úti um vatn, sem er dýrmæt auðlind í mið-austurlöndum, með einum eða öðrum hætti. Gæti það jafnvel þýtt að Ísrael myndi sjá sig knúið til þess að heyja stríð á nágrannalönd sín, Palestínu líklega, en mögulega líka Líbanon.⁴³ Það hefði auk þess gífurleg áhrif á hlutverk Ísraels í alþjóðasamfélaginu að halda ekki lengur úti fjórða stærsta her heims. Það myndi veikja stöðu þeirra í héraðinu auk þess að minnka fjárframlög efnaðra gyðinga erlendis frá.⁴⁴

Niðurlag

Deilan á milli Ísraels og Palestínumanna er einhver flóknasta deila síðari ára. Staðan eins og hún er núna á sér langan aðdraganda og mun þessi sorglega saga líklegast halda áfram um ókomna tíð. Það er ekki nóg að saga deilunnar og orsakir hennar eru flóknar, heldur gerir sú staðreynd að þessar tvær fylkingar segja sitthvora söguna og getur það reynst erfitt að gera upp við sig hvorri hliðinni maður á að trúa. Okkar tími í sögunni einkennist af auknu gagnsæi og auknum upplýsingahraða. Við fáum fréttirnar á þeim hraða sem þær gerast í gegnum samfélagsmiðla og hefur það aldrei verið erfiðara að fela sannleikann, sérstaklega þegar hann snýr að einhverju jafn umfangsmiklu og hernámið á Vesturbakkanum er, og þetta er hernám. Palestínumenn hafa í gegnum tíðina gerst sekir um óhugsanlega illsku og myrt fjöldann allan af ísraelskum borgurum en það þýðir ekki að það sé hægt að koma fram við íbúa Palestínu eins og skepnur. Staðreyndin er sú að ofbeldið er ekki vandamálið þó það sé birtingarmynd þess. Þegar hundur er læstur inni í búri og hann sveltur er vandamálið ekki að hann bítí frá sér, vandamálið er að hann er læstur í búri og sveltur. Sú staðreynd að hann bítí frá sér kemur hins vegar þeim sem læsir hann inni mjög vel, því þá hefur hann ástæðu fyrir því að læsa hann inni. Þó svo reynt sé að líta hlutlaust á þessa deilu er erfitt að sjá hvað Palestínumenn gætu gert sem myndi laga stöðu þeirra og færa þeim sjálfstæðið, mannréttindin og reisinna sem allt fólk á skilið. Ísrael hefur frá byrjun haft það hugarfar að gyðingar væru landlaus þjóð og að Palestína væri þjóðlaust land. Rökin hafa ætíð verið að það hafi aldrei verið til neitt sem hét

⁴³ John Cook, *Disappearing Palestine*, bls. 248.

⁴⁴ John Cook, *Disappearing Palestine*, bls. 249.

palestínsk þjóð eins og forsætisráðherra Ísraels, Golda Meir sagði í blaðaviðtali árið 1969:

„Það er ekki til neitt sem heitir Palestínumenn. Hvenær var sjálfstæð palestínsk þjóð til innan palestínsk ríkis? Þetta var suður-Sýrland fyrir heimstýrjöldina fyrri, síðan var þetta Palestína sem var innan Jórdaníu. Það er ekki eins og það hafi verið palestínsk þjóð í Palestínu sem leit á sig sem slíka og að við höfum komið og hent þeim út úr eigin landi og tekið það frá þeim. Þessi þjóð var ekki til.“⁴⁵ (Þýðing höfundar).⁴⁶

Þessi fullyrðing Goldu Meir var ekki röng, en hún var þó villandi. Það hafði aldrei verið til neitt sem hét palestínsk þjóð áður, en þetta fólk bjó þó þarna. Það átti jarðirnar sem mynda Palestínu, það átti sína sögu, það átti sína menningu og það hafði hafði sína reisu. Þessi rök Ísraels eru sérstaklega veikburða í mínum huga þar sem það var heldur ekki til neitt sem hét ísraelskt ríki þar til árið 1948. Þessi hugmynd um landlausa þjóð sem kom sér fyrir í þjóðlausu landi er eitthvað sem á sér engar stoðir í raunveruleikanum, en hefur því miður stjórnað mikið af þeirri orðræðu og hugmyndafræði sem mótað hefur sögu Ísraels og gerir enn. Það kaldhæðnislega er að jafnvel þótt það hafi ekki verið eiginleg palestínsk þjóðarvitund um miðja síðustu öld þá hefur misréttið sem Palestínumenn hafa þurft að þola þjappað fólki saman og skapað þjóð sem býr yfir mikilli þjóðernisvitund og stolti.

Í byrjun ritgerðarinnar var velt upp þeirri spurningu hvort það væri vilji hjá yfirvöldum Ísraels að koma á varanlegum friði með því að gefa Palestínumönnum tækifæri á að stofna sjálfstætt ríki á Vesturbakkanum. Ég tel það víst að það er ekki áætlun yfirvalda Ísraels, það er ekki vilji þeirra og það sem meira er, það hefur líklegast aldrei verið viljinn. Það sem meira er þá eru Ísraelar búnir að koma sér í þá stöðu að jafnvel þó þeir vildu leysa deiluna með þeim hætti, gætu þeir það ekki og viðhaldið Ísrael í þeirri mynd sem þeir vilja, sem þjóðríki gyðinga.

Þá komumst við að kjarna málsins. Saga deilunnar hófst með hugmyndasmiðum zíonismans og mun hún ekki enda öðruvísi en með sigri Ísraels í skugga þjóðarmorðs nema zíonismi verði gefinn upp á bátinn. Eina leiðin fyrir friðsæla lausn, hvort sem það verði tveggja ríkja lausnin eða sameiginleg Palestína þá

⁴⁵ John Cook, *Disappearing Palestine*, bls. 18.

⁴⁶ "There were no such thing as Palestinians. When was there an independent Palestinian people with a Palestinian state? It was either southern syria before the First World War, and then it was a Palestine including Jordan. It was not as though there was a Palestinian people in Palestine considering itself as a Palestinian people and we came and threw them out and took their country away from them. They did not exist."

mun hún ekki nást fyrr en Ísrael gefur eftir hugmyndina um þjóðríki gyðinga. Zíonismi er og hefur alltaf verið vandamálið. Zíonismi sem hugmyndafræði byggist á þeirri trú að gyðingar séu sérstakir og að þeir eigi heilagt tilkall til landsins í Palestínu. Birtingarmynd zíonisma í dag er róttæk þjóðernishyggja sem hefur gerjast í stríðsástandi í áratugi sem hefur valdið því að þessi þjóðernishyggja hefur í hugum margra orðið að grímulausum kynþáttafordómum í garð araba. Ísrael er afrakstur evrópskra og síðar bandarískra nýlenduherra sem tókst einstaklega vel að koma sér fyrir á svæði þar sem þeir mættu gífurlegri andspyrnu og andúð. Ef lausn næst í deilunni verður það ekki vegna þess að Palestínumenn gerðu eitthvað ákveðið, annað en að halda áfram að vekja athygli á því sem er og hefur verið að eiga sér stað. Palestínumenn hafa engin völd. Á endanum verður það Ísrael sem tekur skrefin í átt að friði, en vandamálið er að Ísrael hefur öllu að tapa en græðir ekkert á því að friður myndist.

Friðarviðræður milli Ísraels og Palestínumanna eru sýndarleikur sem Ísraelar munu draga á langinn þangað til þeir hafa lagt undir sig þau landssvæði sem þeim hugnast. Ísrael mun ekki gefa eftir land og það mun ekki gefa eftir hugmyndina um þjóðríki gyðinga nema að alþjóðasamfélagið grípi til aðgerða, og þá sérstaklega Bandaríkin sem hafa haft Ísrael undir sínum verndarvæng í áratugi. Deilan er flókin og lausnin verður það líka ef einhver lausn á að nást, því annars mun þessi hundrað ára sorgarsaga ekki enda í bráð og getum þá við allt eins átt von á öðrum hundrað árum af sorg.

Heimildaskrá

Checkpoints 101, Occupied Palestine, sótt 18. maí 2015,
<https://occupiedpalestine.wordpress.com/special-topics/checkpoints/>.

Christiansen, Drew, *Removing Israeli checkpoints in the West Bank would end humiliation, increase security*, 2015, sótt 15. maí 2015,
<http://ncronline.org/blogs/ncr-today/removing-israeli-checkpoints-west-bank-would-end-humiliation-increase-security>.

Cook, John, *Disappearing Palestine: Israel's Experiments in Human Despair*, Zed books, London og New York, 2008.

Goldberg, Jeffrey, *The Tragic History of the Two-State Solution*, 2014, sótt 7. maí 2015, <http://www.bloombergview.com/articles/2014-05-02/the-tragic-history-of-the-two-state-solution>.

Human Rights in the Middle East: The Fourth Geneva Convention, Jewish Virtual Library, 1949, sótt 17. maí 2015,
http://www.jewishvirtuallibrary.org/jsource/History/Human_Rights/geneva1.html.

Illegal Israeli Settlements, CEPR, sótt 9. maí 2015,
http://thecepr.org/index.php?option=com_content&view=article&id=115:illegal-israeli-settlements&catid=6:memos&Itemid=34.

Israel and Egypt Sign Peace Treaty, NY Times, 2012, sótt 10. maí 2015,
<http://learning.blogs.nytimes.com/2012/03/26/march-26-1979-israel-and-egypt-sign-peace-treaty/>.

Israeli Checkpoint in Palastine – Israeli IDF Zionist say Muslims are Animals, Youtube, 2014, sótt 16. maí 2015, <https://www.youtube.com/watch?v=5JTZ-2fKMWY>.

Israel-Palestine Liberation Organization Agreement : 1993, Yale Law School, sótt 10. maí 2015, http://avalon.law.yale.edu/20th_century/isrplo.asp.

Israel's Supreme Court Rules Elon Moreh in Samaria Must Be Removed, JTA, 1979, sótt 9. desember 2014, <http://www.jta.org/1979/10/23/archive/israels-supreme-court-rules-elon-moreh-in-samaria-must-be-removed>.

Ísland viðurkennir sjálfstæði Palestínu, Utanríkisráðuneytið, 2011, sótt 10. desember 2014, <http://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/nr/6846>.

Key maps, BBC, sótt 18. maí 2015, http://news.bbc.co.uk/2/shared/spl/hi/middle_east/03/v3_israel_palestinians/maps/html/settlements_checkpoints.stm.

Lambert, Léopold, *The Palestinian Archipelago: A Metaphorical Cartography of the Occupied Territories*, 2012, sótt 12. maí 2015, <http://www.leopoldlambert.com/Pages/archipelago.html>.

Nuseibeh, Siham, *Israel's Apartheid Wall: Facts and Figures*, 2012, sótt 12. maí 2015, <http://muftah.org/israels-apartheid-wall-facts-figures/#.VVwR06Z7ky5>.

Palestinian refugees and the right of return, AFSC, sótt 16. maí 2015, <https://afsc.org/resource/palestinian-refugees-and-right-return>.

Rosenberg, Jennifer, *Balfour Declaration*, About-Education, sótt 8. desember 2014, <http://history1900s.about.com/cs/holocaust/p/balfourdeclare.htm>.

The Geneva Convention, BBC, 2009, sótt 17. maí 2015,
http://news.bbc.co.uk/2/hi/middle_east/1682640.stm.

Vidal, Dominique, *The expulsion of the Palestinians re-examined*, 1997, sótt
6. maí 2015, <http://mondediplo.com/1997/12/palestine>.

What happened at the 1991 Madrid Peace Conference, Palestine Facts, sótt
11. maí 2015,
http://www.palestinefacts.org/pf_1991to_now_madrid_desc.php.

What was the result of the Six Day War?, Palestine Facts, sótt 15. maí 2015,
http://www.palestinefacts.org/pf_1948to1967_sixday_result.php.

Weizman, Eyal, *Hollow land: Israel's architecture of occupation*, Verso,
London og New York, 2007.
